



FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.



Fréttabréf



Desember 2011 - 1. tölublað - 14. árgangur

Hallveigarstig 1, 101 Rvk. - sími 520-1500

*Gledilega jólahátíð
og heillaríkt komandi ár
megi ljós og friður lifa með okkur öllum*

**Starfsfólk Félagsbústaða
þakkar samstarfið á árinu**

Umhverfismál í öndvegi

Umhverfismál hafa ávallt verið í hávegum höfð hjá félaginu síðan Félagsbústaðir voru stofnaðir. Frá byrjun hefur verið starfað eftir metnaðarfullri umhverfisstefnu og síðan 2004 hefur verið haldið sérstakt grænt bókhald.

Á þessum tíma hefur margt áunnist og er stefna Félagsbústaða að halda áfram á sömu braut og bæta um betur. Unnið hefur verið að því á árinu að leita leiða til að koma fyrir endurvinnslutunnum við fjölbýlishús félagsins. Nú þegar eru komnar slíkar tunnur við Meistaravelli, Bjarnaborgina og Þorláksgesla ásamt mörgum sambýlum og búsetukjörnum á vegum Velferðarsviðs.

Viðtökurnar hafa verið vonum framar og gefur það góðar væntingar um að hægt sé að fjölga tunnunum við önnur hús á nýju ári. Endurvinnslutunnurnar eru umhverfisvæn lausn á þeim tíðu vandamálum er fylgja stífluðum ruslarennum og draslsöfnun í sameignum.

Þá er verið að vinna í vistvænum lausnum fyrir bíla félagsins og er það í samræmi við græna samgöngustefnu Reykjavíkurborgar. Fyrsti metanbíll félagsins fór á götuna nú í aðventunni og er metangas í senn innlendur, ódýr og grænn orkugjafi.



Árangur í eldvörnum

Félagsbústaðir og VÍS hafa síðan 2008 verið með eldvarnarfræðslu fyrir jólin með það að markmiði að koma í veg fyrir brunatjón hjá leigjendum sínum. Árangurinn hefur ekki staðið á sér og hefur brunatjónum fækkað úr 18 tjónum árið 2008 yfir í að vera 6 brunatjón að meðaltali á tímabilinu 2009-2011. Í ár hafa einungis 2 brunatjón verið á árinu sem er lofsvert. Íbúar Félagsbústaða eiga stóran þátt í þessum árangri með því að efla eldvarnir heimila sinna.

Helsta ástæðan fyrir brunum hjá Félagsbústöðum eru pottabrunar út frá eldamennsku. Leigjendur félagsins eru því hvattir til að fara inn á *Forvarnarheimilið* á heimasíðu VÍS (vis.is) til að fara yfir helstu þætti er ber að hafa í huga við forvarnir heimilisins.

Ennfremur er minnt á *Eldvarnir – handbók heimilisins* sem send var um síðustu jól í allar íbúðir Félagsbústaða. Að lokum eru allir hvattir til að skipta um rafhlöðu í öllum reykskynjurum og eiga örugg jól í ár.



Forvarnarheimilið á heimasíðu VÍS

Örugg jólagjöf

ELDVARNIR Hátíð ljóssins fylgir aukin kertanotkun, margvíslegar ljósaseríur og flugeldanotkun en í öllu þessu er ávallt fólgin aukin eldhætta. Því er mikilvægt að yfirfara reykskynjara og skipta um rafhlöðu í þeim.



Samstarf Félagsbústaða og VÍS í átaki um eldvarnir hefur skilað góðum árangri og því um að gera að halda því áfram. Af því tilefni gefur VÍS öllum leigjendum jólagjöf í formi rafhlöðu líkt og þeir hafa gert síðust tvenn jól.

Rafhlaðan er í hátíðlegum umbúðum og vonast Félagsbústaðir og VÍS til þess að gjöfin hjálpi til við að stuðla að öruggum og gleðilegum jólum.



Útgefandi:  FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.
Hallveigarstíg 1, 101 Rvk.
Sími: 520-1500 - Fax: 520-1516
Upplag: 2300 eintök
Ábyrgðarmaður: Sigurður Kr. Friðriksson
www.felagsbustadir.is

Hátíð í bæ

JÓLAKVEDJA Senn líður að jólum og áramótum. Á þessum hátíðlega tíma ársins myndast oft mikið drasl og sorp tengt jólahreingerningum, auglýsingapésnum gjafapappír o.s.frv. Eru leigjendur beðnir að gæta þess að stífla ekki sorprennur með of miklu magni af drasli eða sorpi sem er of stórt fyrir rennurar.

Þá ber að taka það fram að skrifstofa Félagsbústaða er opin þann 23. desember til kl. 16:00 og alla virka daga á milli jóla og nýárs.

Félagsbústaðir hf. óska öllum sínum leigjendum og samstarfsaðilum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökk fyrir samstarfið á líðandi ári.



Símatímar Félagsbústaða

Þjónustudeild - kl. 9:00- 10:00

í síma 520-1500 alla virka daga.

Innheimtustjóri – kl. 11:00-12:00

í síma 520-1500 alla virka daga.

Bilanatilkynningar – kl. 13:00-15:00

í síma 557-9664 alla virka daga.